

Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur kt. 640169-2309 Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Flóahreppur, kt. 600606-1310 og Ásahreppur, kt. 430169-0339 gera með sér svofelldan samstarfssamning um sameiginlegan rekstur starfsmanns, tækja og svæðis vegna hreinsunar og verkunar seyru með aðstöðu að Flatholti 2, Flúðum, Hrunamannahreppi.

1. gr.

Samkomulag er milli sveitarfélöganna um að standa sameiginlega að hreinsun, verkun og förgun seyru. Markmiðið er að endurvinna seyru á þann hátt að hún teljist til hreinsaðar seyru skv. skilgreiningu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Þá er tilgangurinn einnig að standa sameiginlega að afsetningu seyrunnar á skilgreind svæði í samráði við landeigendur og Landgræðslu ríkisins á grundvelli samnings þar um. Þá er einnig tilgangurinn að standa sameiginlega að hreinsun seyru á rotþróm og hreinsimannvirkjum sem heyra undir sveitarfélögin, þ.e. aðallega rotþróm við sumarbústaði, íbúðarhús og eignir sveitarfélöganna. Jafnframt standa samningsaðilar að sameiginlegum starfsmanni sem er þjónustufulltrúi seyruverkefnisins.

Með samningi þessum gera sveitarfélögin samkomulag um fjárfestingu og rekstur á sameiginlegu svæði um verkun seyru að Flatholti 2 Flúðum. Jafnframt tekur samkomulag þetta til fjárfestingar og reksturs á sameiginlegum tækjabúnaði til meðhöndlunar og losunar á rotþróm í sveitarfélögunum, t.d. hreinsibifreiðum og þjónustufulltrúa seyruverkefnisins.

A.

Fjárfesting vegna stofnkostnaðar sameiginlegs seyrusvæðis og hreinsitækja er reiknuð hlutfallslega út frá fjölda byggðra lóða sem hafa hlotið lokaúttekt byggingarfulltrúa í sveitarfélögunum og eiga að vera tengd fráveitukerfi. Kostnaðarskiptingin er eftirfarandi:

- | | |
|---------------------------------|-----|
| • Grímsnes- og Grafningshreppur | 43% |
| • Hrunamannahreppur | 9% |
| • Bláskógabyggð | 34% |
| • Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 7% |
| • Flóahreppur | 5% |
| • Ásahreppur | 2% |

B.

Árlegum rekstrarkostnaði vegna **reksturs á seyrusvæði** er skipt milli sveitarfélöganna eftir magni hreinsaðrar seyru (m³) eða (kg) en þó skal fyrst skipta 7% kostnaðar að jöfnu milli samningsaðila. Undir rekstrarkostnað fellur t.d. vinna verkamanna, viðhald á tækjum og vinnslusvæði, flutningur og dreifing seyrunnar, landleiga, rafmagn, vinnsluefni, vatn, rekstur þjónustuhúsnaðis að Flatholti 2 o.fl. Ef upp koma sérstök tilfelli eða óvenjulegar aðstæður kann að þurfa að semja um þann kostnað sérstaklega. Í sérstaki gjaldskrá verður ákveðið móttökugjald á seyru vegna þriðja aðila.

SA
JH
MSW
APD

C.

Árlegum kostnaði vegna **reksturs á hreinsitækjum** er skipt milli sveitarfélaganna þannig að greitt er fyrir losun á hverri rotþró eftir fjölda og stærð þeirra auk aksturs frá rotþró til losunarstaðar að Flatholti 2, Flúðum en fyrst skal þó skipta 5% kostnaðar að jöfnu milli samningasaðila. Undir rekstrarkostnað fellur t.d. laun starfsmanna, viðhald og umsjón tækja, rekstur hreinsitækja, starfsmannahald, bókhald, kaup á þjónustu verktaka o.fl.

Skiptistuðlarnir eru eftirfarandi:

Rotþrær undir 6m ³	Stuðull 1
Rotþrær 6-10m ³	Stuðull 1,5
Rotþrær 10-15m ³	Stuðull 2
Rotþrær 15-20m ³	Stuðull 2,5
Rotþrær 20-30m ³	Stuðull 4
Rotþrær 30-45m ³	Stuðull 6

Sveitarfélag greiðir gjald á hvern ekinn km. skv. gjaldskrá.

Sett verður sérstök gjaldskrá þar sem tekin verður ákvörðun um kílómetragjald og um endurgjald fyrir hreinsun seyru fyrir rekstaraðila sem ekki heyra undir skyldur sveitarfélaganna og aukalosanir á vegum sveitarfélaganna.

D.

Árlegum starfsmannakostnaði vegna **þjónustufulltrúa seyrverkefnisins** er skipt á milli sveitarfélaganna í sömu hlutföllum og gildir um rekstur á hreinsitækjum, að undanskildum föstum kostnaði, en fyrst skal þó skipta 7% kostnaðar að jöfnu milli samningasaðila. Hlutverk og verkefni þjónustufulltrúa er skilgreint í starfslýsingum sem er viðauki við samning þennan.

2. gr.

Hrunamannahreppur sér um framkvæmd og umsjón verkefnisins og verður umsjónarsveitarfélag þess. Það heldur utan um fjárfestingu, rekstur og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaganna og miðlar þeim með reglulegum hætti til sveitarfélaganna.

3. gr.

Sveitarfélög skipa hvort um sig einn fulltrúa og annan til vara í stjórn verkefnisins kölluð „seyrustjórnin“ í samningi þessum, sem ber ábyrgð á rekstri verkefnisins. Kjörtímabil seyrustjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Á fyrsta fundi seyrustjórnar skulu fulltrúar kjósa sér formann.

Seyrustjórnin skal halda fundargerðarbók þar sem gerð er grein fyrir því sem gerist á fundum. Fundargerð skal lesin upp í lok fundar og hún borin undir atkvæði. Fundargerðarbók má vera rafræn. Fundargerðir skulu sendar aðildarsveitarfélögum.

Seyrustjórnin skal halda fundi eftir þörfum, en eigi sjaldnar en tvívar sinnum á ári og er stjórnarfundur ályktunarhæfur ef löglega var til hans boðað og meirihluti stjórnarinnar er mættur. Í seyrustjórn þarf samþykki allra stjórnarmanna fyrir ákvörðunum.

SS
JLS
P.J.

Fundarboð skal berast seyrustjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundarboð vegna aukafunda skal berast seyrustjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem eru nauðsynleg til að seyrustjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að boða til fundar með tölvupósti og halda fundi sem fjarfundi.

Seyrustjórn er óheimilt að binda aðildarsveitarfélögin umfram það sem getið er í samningi þessum.

4. gr.

Ákvarðanir um fjárhags- og fjárfestingaráætlun, lántökur, húsnæðismál eða mál er varða útgjöld umfram það sem kveðið er á um í 5. og 6. gr. samnings þessa þarfnaðarfestingar allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Fjalli sveitarstjórnir um ákvörðun, sbr. framangreint, skulu sveitarfélögin tilkynna seyrustjórn um afstöðu sína.

5. gr.

Hrunamannahreppur heldur utan um rekstur og fjárhagsleg málefni vegna sameiginlegs kostnaðar og önnur þau verkefni sem stjórn felur sveitarfélagini. Sveitarstjóri Hrunamannahrepps er jafnframt yfirmaður verkefnisins.

Verkefni Hrunamannahrepps verða nánar tiltekin eftirfarandi:

1. Ráða starfsmenn í áhaldahús Hrunamannahrepps til að sinna umsjón seyrusvæðisins og starfsmenn á hreinsitækjum.
2. Ráða og sjá um starfsmannahald vegna þjónustufulltrúa seyruverkefnisins
3. Skipuleggja vinnu starfsmanna á hreinsitækjum í samráði við þjónustufulltrúa.
4. Sjá almennt um starfsmannahald og aðstöðu vegna starfsmanna á hreinsitækjum.
5. Ráða verktaka við flutning og dreifingu seyru.
6. Leigja nauðsynleg tæki vegna starfsemi á seyrusvæðinu.
7. Halda utan um fjárfestingu á seyrusvæði og hreinsitækjum í samráði við stjórn.
8. Sjá um almenn samskipti við Landgræðslu ríkisins.
9. Greiða allan úttagðan kostnað vegna verkefnisins.
10. Halda utan um tímaskráningu starfsmanna sem vinna við verkefnið á seyrusvæðinu.
11. Greiða almennan skrifstofukostnað.
12. Reikna og greiða út laun þeirra einstaklinga er vinna við verkefnið.
13. Sjá um uppgjör til lífeyrissjóða og stéttarfélaga.
14. Skrá í launakerfi og gera ráðningarsamninga.
15. Gera lokauppgjör vegna sveitarfélaga.
16. Gera tillögu að gjaldskrá vegna útseldrar þjónustu til að leggja fyrir stjórn til samþykktar.
17. Setja gjaldskrá vegna útseldrar þjónustu í nafni Hrunmannahrepps f.h. aðildarsveitarfélaganna.
18. Gera fjárhagsáætlun vegna verkefnisins.
19. Vera tengiliður við þjónustufulltrúa og stjórn.

JK

MM

JL
BWB
REJ

20. Önnur þau verkefni sem stjórn kann að fela því.

Fyrir umsjón með ofangreindum verkefnum eru greiddar kr. 222.000 á mánuði til Hrunamannahrepps sem telst til umsjónar- og skrifstofukostnaðar verkefnisins. Umsjónarkostnaður skiptist milli verkefna þannig að fjárfesting er 10%, rekstur seyrusvædis 20%, rekstur hreinsitækja 60% og þjónustufulltrúa 10%.

Tímagjald á vinnu starfsmanna Hrunamannahrepps utan umsjónarkostnaðar verður kr. 7.350 á klst. óháð vinnutíma þeirra.

Fjárhæðir skv. ofansögðu miðast við launavísitölu, upphafsvísitala 778,6 stig (jan. 2021) og hækkar einu sinni á ári 1. janúar ár hvert.

6. gr.

Hrunamannahreppur greiðir og heldur utan um allan kostnað vegna verkefnisins skv. samningi þessum en rekstri vegna fjárfestingar, þjónustufulltrúa, seyrusvædis og hreinsitækja verður haldið aðskildum og verða sér uppgjör vegna hvers hluta fyrir sig.

Sveitarfélögin greiða á mánaðar fresti greiðslur til Hrunamannahrepps til að mæta kostnaði sem fallinn er á verkefnið sem síðan er gerður upp í byrjun árs þegar endanlegur kostnaður næstliðins árs liggur fyrir.

Kostnaður hvers sveitarfélags á almanaksárinu vegna fjárfestinga og reksturs verkefnisins verður síðan gerður upp í lok hvers árs þegar rauntölur liggja fyrir.

7. gr.

Ef eitt eða fleiri sveitarfélag kjósa að hætta samstarfinu þá tekur það gildi um áramót og skal tilkynning um úrsögn berast formanni seyrustjórnar sex mánuðum fyrr. Skal tilkynningin rökstudd og ástæður úrsagnarinnar tilgreindar. Formaður seyrustjórnarinnar upplýsir önnur aðildarsveitarfélög um úrsögnina. Tilkynningin skal tekin til umræðu á næsta fundi seyrustjórnarinnar og skal reynt að leita mögulegra lausna um áframhaldandi aðild að samstarfinu. Um uppgjör vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar þarf að semja sérstaklega m.a. með tilliti til afskrifta o.fl.

8. gr.

Til að slíta samstarfi þessu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra seyrustjórnarmanna og þarf sú ákvörðun að vera staðfest af a.m.k. 2/3 hluta aðildarsveitarfélaganna og aðildarsveitarfélaganna sem fara með a.m.k. 2/3 hluta kostnaðarhutdeildarinnar eins og hún er tilgreind í 1. gr. A samnings þessa. Tillaga um slit skal berast formanni seyrustjórnarinnar. Skal tillagan vera rökstudd og ástæður hennar tilgreindar. Tillagan skal tekin fyrir á næsta fundi seyrustjórnarinnar þar sem hún er rædd og atkvæði greidd um hana.

9. gr.

Tillögur um breytingar á samningi þessum skulu lagðar fyrir seyrustjórn minnst þremur vikum fyrir næsta fund stjórnarinnar. Skal tillagan rædd á næsta fundi seyrustjórnarinnar og atkvæði greidd um hana. Tillaga telst samþykkt ef allir stjórnarmenn samþykkja hana. Ákvörðun skal einnig vera staðfest af öllum aðildarsveitarfélögunum.


BB *JL* *SD*
SG *RE*

10. gr.

Samningur þessi tekur gildi þann 01.01.2021 og frá sama tíma fellur úr gildi eldri samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur frá 7. febrúar 2018 milli sveitarfélaganna.

Samningur þessi er gerður í sex samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

13/12 2021.


f.h. Hrunamannahrepps



SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSREPPS
Inga Þóra

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps


f.h. Flóahrepps


f.h. Bláskógabyggðar


f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps


f.h. Ásahrepps

